

Nr. 010 / 11 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10**Skipverji slasast við fall**

Skipaskr.nr. 1585
Smíðaður: Akranesi 1981 stál
Stærð: 431,2 brl. 712 bt.
Mesta lengd: 50,85 m Skráð lengd: 44,16 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,4 m
Vél: Stork Werkspoor 1590 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 15



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 28. janúar 2011 var Sturlaugur H Böðvarsson AK 10 á togveiðum á SV-miðum. Veður: SV 12-14 m/s og talsverð kvika.

Skipverjar voru að taka trollið í talsverðum veltingi og búnir að setja belgstroffuna í gilskrók til að hífa síðustu færana á belgnum fram eftir. Skipverji var að setja stroffu á belginn þegar fremsti hluti hans slóst til og í skipverjann með þeim afleiðingum að hann féll inn í hlið troll lunningar. Við fallið lenti hann fyrst með aðra öxlina á þröskuldi þess og síðan með bakið á þilfarið. Hann var frá vinnu um tíma vegna eymsla í baki.

Við rannsókn kom fram:

- að atvikið átti sér stað við skutrennuloku (sem var uppi) aftast á trollþilfari;
- að skipverjinn var í líflínu og með öryggishjálmi;
- að fram kom hjá skipverjanum að alltaf væri farið af þilfarinu við þessar hífingar;
- að veðrið var slæmt og gerði vinnuaðstæður erfiðar. Skipverjinn stóð hins vegar ekki klár á því að belgurinn gæti slegist til.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.

Sérstök ábending:

Vegna tíðra slysa í gegnum árin við aðstæður sem þessar telur nefndin þörf á að endurskoða vinnuaðstæður á skut togveiðiskipa til að tryggja öryggi skipverja betur við þessar aðstæður.